

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Lækjargata 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólabrú 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi vegna Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólabrúar 2. Í breytingunni felst m.a. að dregið er lítillega úr byggingarmagni ofanjarðar, byggingarreitur jarðhæðar minnkaður, byggingahlutar næst Lækjargötu 10 og Vonarstræti 4 lækka um eina hæð og byggingarhluti næst Kirkjutorgi 6 hækkar. Sett eru skilyrði um uppbrot útveggjar að Lækjargötu í fjórar einingar og gerð er grein fyrir varðveislu og frágangi fornminja. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Öskjuhlíð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi vegna Öskjuhlíðar. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulagsins er aðlöguð deiliskipulagsmörkum tillögu að deiliskipulagsbreytingu Háskólangs í Reykjavík. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavíkurflugvöllur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulagsins er aðlöguð deiliskipulagsmörkum tillögu að deiliskipulagsbreytingu Háskólangs í Reykjavík. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bankastræti 14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 3. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 14 við Bankastræti. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til suðurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 8. mars 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2017